

Það þykir eigi ástæða til að sekta málflutningsmann stefnda fyrir ummæli þau, er hann hefir haft um áfrýjanda fyrir undirjetti en ákvæði dómsins um ómerkingu þessara ummæla samþykkist.

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist þannig í öllum greinum og verður áfrýjandi eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði sjóréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f.h. hlutfélagsins »Gissur Hvíti« greiði stefnda Stefáni Jóhannssyni 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnæja áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 3. nóvember 1919.

Nr. 41/1919:

Þórður Jónsson  
gegn  
Sigurði S. Skagfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Sigurður S. Skagfjörð trjesmiður í Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur

gegn áfrýjanda Þórði Jónssyni úrsmið Aðalstræti 9 hér í bænum, til þess að fá áfrýjanda dæmdan til að leyfa sér afnot af þvottakjallara í húsinu nr. 9 við Aðalstræti, og til að greiða sér 67 kr. skaðabætur fyrir slátur, er áfrýjandi hefði ónýtt fyrir honum (stefnda) með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 8. okt. 1918, svo og málskostnað.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkevðnum 5. júní þ. á. að stefnda var dæmdur réttur til að nota þvottaherbergi í kjallara hússins nr. 9. við Aðalstræti á venjulegan hátt og tiltölulega við aðra íbúa hússins og var áfrýjandi jafnframt dæmdur til að greiða stefnda 67 kr. í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 8. okt. 1918 til greiðsludags, og 80 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Þórður Jónsson skotið til yfir dómsins með stefnu dags. 7. júlí þ. á. og krafist þess að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda Sigurðar S. Skagfjörðs og honum dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir um nokkur undanfarin ár búið í húsi áfrýjanda nr. 9. við Aðalstræti og haft þar á leigu 3 herhergi og eldhús. Kveðst hann ávallt átölulaust hafa haft aðgang að og afnot af þvottaherbergi í kjallara hússins tiltölulega við aðra leigjendur hússins, þar til 28. sept. f.á., að áfrýjandi hafi rekið fólk sitt út

úr kjallaraherberginu og bannað honum öll afnot þess, en þá var fólk stefnda þar\* að matbúa slátur, og átti að sjóða það daginn eftir.

Í leigusamingi stefnda er eigi tekið fram, að hann skuli hafa afnot þvottakjallarans, en stefndi heldur því fram að þetta leiði af sjálfu sér og hefir lagt fram í málinu vottorð frá tveimur leigjendum hússins um að hann hafi haft aðgang að og notað þvottahúsið ásamt öðrum leigjendum hússins, og hefir annað vottorðið verið staðfest fyrir rétti.

Að svo vöxnu máli verður að líta svo á, að stefndi hafi rétt til að nota þvottahúsið, því auk þess sem hann hefir fært sterkar líkur fyrir því, að slík afnot hafi verið honum beinlínis leyfð, verður að líta svo á, að þar sem þvottahús er í kjallara, sé það ætlað til sameiginlegra afnota fyrir þá sem leigja íbúðir í húsinu nema annað sé berum orðum framtekið.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að þótt stefndi hefði haft afnotarétt af þvottahússinu, þá hefði hann þó ekki haft rétt til að sjóða þar slátur, svo sem til hafi staðið, en á þetta verður ekki fallist þar sem það verður að teljast alvanaleg notkun á þvottahúsum að sjóða þar slátur.

Skaðabótakrafa stefnda er byggð á því, að þegar áfrýjandi hinn 28. sept. f. á. bannaði stefnda afnot þvottahússins, hafi hann og skipað honum burtu með slátrið, og er stefndi vildi ekki hlýða því, hafi áfrýjandi sjálfur tekið slátrið og rutt því út á gang fyrir utan þvottahúsið. Næsta dag færði stefndi slátrið aftur inn í þvottahúsið og ætlaði að sjóða það þar,

en áfrýjandi bar það enn út. Við þessar aðfarir var slátrið þannig á sig komið, að stefndi taldi það ónýtt, og fleygði því. Fyrir þetta hefur stefndi krafist bóta að upphæð 67 kr. ásamt vöxtum sem áður segir.

Samkvæmt því sem áður er sagt, verður að líta svo á, að stefnda hafi verið heimil slátursuðan í þvott-húsinu og var það því óréttmætt af áfrýjanda að banna þessi afnot. Ber honum því að bæta skaða þann, er af þessu tiltæki hans hefir leitt, og eftir því sem upplýst er í málinu verður að ætla að slátrið hafi að minsta kosti að mestu leyti verið óhæft til matar eftir meðferð þá, er það hafði fengið af völdum áfrýjanda, og ber því að dæma hann til að greiða andvirði þess. Fyrir undirrétti hafa engar mótbárur komið fram gegn fjárhæð skaðabótanna og með því að véfengingar þær hér að lútandi, er komið hafa fram hér fyrir réttinum, verða ekki teknar til greina, ber að taka skaðabótakröfuna að öllu leyti til greina, svo sem gjört var í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað samþykki-  
ist og ber því að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaða bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Þórður Jónsson greiði

stefnda Sigurði S. Skagfjörð 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10 nóvember 1919.

Nr. 36/1919: Ólafur G. Eyjólfsson f. h. váttryggingarfélagsins Danske Lloyd  
 gegn  
 Sveini Björnssyni f. h.  
 Henry Archer.

D ó m u r:

Þegar enskur botnvörpungur »Conan Doyle« frá Hull var á heimleið héðan með afla sinn 23. des. 1917 í góðu verði, varð á leið hans nokkru norðar en beina stefnu milli Reykjaness og Eldeyjar skip á reki í áttina til lands og með neyðarflagg dregið á stöng. Skip þetta var þrisigld skonnorta Ruthy frá Röðby Havn, er lagt hafði af stað 18. okt. s. á. frá Frederikssund til Reykjavíkur með jarðeplafarm til landsstjórnarinnar; hafði skipið hrept hörð veður og hrakninga mikla; var nú svo komið að það hafði misst stórsiglu, framsiglu og miklð af seglbúnaði og lét eigi að stjórn. Það varð nú samkomulag